

Nd.

387. Nefndarálit

[154. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og m. a. aflað sér upplýsinga um framkvæmd laga nr. 1 1964 frá Seðlabanka Íslands og Aflatryggingasjóði, varðandi þau atriði, sem í þeim lögum svara til ákvæða frumvarpsins.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins, og mun einn nefndarmanna, LJós, skila séráliti og flytja brtt. Aðrir nefndarmenn mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt, en nefndarmennirnir GíslG og JSk áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 30. marz 1965.

Birgir Finnsson,
form., frsm.
Gísl Guðmundsson,
með fyrirvara.

Pétur Sigurðsson,
fundaskr.
Guðl. Gíslason.

Jón Skaftason,
með fyrirvara
Sverrir Júlíusson.